



Bréfa- og málasafn 1968, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Forsætiráðherra – Bréf – Benedikt Sveinsson – nany Tor –
Fiskimatsstjóri

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-35, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. febrúar 1928.

Stærri prófessor þórnir!

Eg þakka þér vinsamlegt
 best ásamt met fylgjandi bakbröggi.
 Vinsamlega met og mikils hlýðing
 þinn og þú þarft sist að iðkast,
 að og misvisti af hverju halbrót
 þín komi. Saman þeirra hef: og
 samur verit að leitast vit að fylgja
 í minni meira en forjökul-á-va
 stjórnmála-vafrí; og þá erit leugi
 í endaverri forustu; þótt met mis.
 munandi heft: hef: verit. En hvort
 er, að hegara er að kunna heitvæðin

er haldla þeir og ^{erfiðt} at sjá sjálfan sig á
sama veg og atvin. Flesta skortir okkur
meira en minna sjálfsþagsofni, sjálfs-
þekkingu og umbertan hugdi við atvin.

En þá er þess og at geta, at
of þagsofni á at koma at gagni, þá
vertur hún at vera þorin fram af
þekkingu. Og veit, at þá tekur ekki
illa upp þá og segi, at meir þegar
at þá þótt hepit, þegar meir koma
atvinandi og blanda sei í rennetur, seg
þá þá ekki fylgst meir frá upphafi.
þá er ^{við húnit} hepit, at minnsbilningu verur
í bíta hög, þá at frá ólíkum for-
endum er talat.

Þess er þat, at matu þess
minnsalega við þagsofni eftir þá kvætu
þá þess. Í hjá þessum þess er, at ungu

men þefa atit aittlevat it i herra eldri
at setja. þvi þer at taka, jafnvel þótt
ebbi sé fullt samræmi: at þinnis gæmna
leios og t. d. þvi, at þunlið er at of
miklu áhræði, og samtímis ~~at~~ dröfist,
at sé herra samir segi herra megar,
þverjan þeirra, eigna athafnin: þreyting
ítt eigi at vera.

Þá, sem verit þerur aldar-þrjúng
í starfi, er oftast þinnur at mótast
til gæta eta illa, og þessum sjálfum verur
ebbi venulega þreytt. Þetta er eðli meilænis, at
veita þer herra megar svigræmi meit þerra
þugumandi og dugast, er þvi verur þer
sjálfri at vita, hvort þerri þerri valin.

Þilitt þugastota í milli er mi sagt
stærri er í þer, og þerri ^{þvi} engu þugumand
um, hvort svo er. At þvi er flökkestarf

með því að lesa samkomulag um virkni-
áhrif þess á aldur samt lesa áfram og þá
af þess vegna til að lesa um á áhrif þess
lesar og aldur samt lesa áfram og þá
lesar þá til þess vegna áhrif þess
áll þá efni, sem er áhrif þess á aldur

þess vegna lesa þá samt min samkomulag
áhrif þess á aldur og virkni
áhrif þess á aldur og virkni
áhrif þess á aldur og virkni
áhrif þess á aldur og virkni

áhrif þess á aldur og virkni
áhrif þess á aldur og virkni
áhrif þess á aldur og virkni
áhrif þess á aldur og virkni
áhrif þess á aldur og virkni

BENEDIKT SVEINSSON

HÉRAÐSDÓMSLÖGMANNAÞUR

Austurstræti 17 . Sími 10223

Pósthólf 969

REYKJAVÍK 4. 1. 1968.

Hr. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra.

Ég hef lesið plögg þau, er þú sendir mér varðandi bréf frá Dagmar Óskarsdóttur.

Ég vil fyrst víkja að Garðari Eðvaldssyni skipstjóra. Hann er að mínu viti mjög traustur skipstjóri og dugnaðarmaður. Hann er af Hánefsstaðaætt, en þau hjónin styðja Sjálfstæðisflokkinn. Garðar er ekki efnaður maður. Hann á þó hús það er hann vill gefa veð á, bíl (Bronco) og eitthvað lítilræði af peningum.

Ég álít að hann geti klofið skipakaup þessi miðað við tilboð hans, ef aflabrögð almennt verða sámileg, þar sem Garðar er með betri skipstjórum.

Þá vil ég víkja að veðum þeim er hann býður fram.

Ábyrgð Búlandshrepps.

Búlandshreppur er svo sem ekki stór hreppur, en þó held ég að verði að telja óhætt að meta hreppsábyrgð þessa gilda sem tryggingu fyrir kr. 1.500.000.-. Íbúar í Búlandshreppi eru um 350 og tekjur hreppsins af komu skipsins til staðarins ættu að nema nokkur hundruð þúsund krónum á ári v/ aðstöðugjalda og útsvara.

Búlandstindur h.f. er dótturfyrirtæki Kaupfélagsins á Djúpavogi. Það félag á talsverðar eignir þ.á.m. skip, m/s Sunnutind (8-9 millj. virði), síldarverksmiðju og frystihús.

Ég fékk þessar upplýsingar um fjárhag Búlandstinds h.f. hjá framkv. stj. félagsins 4.1. 1968:

Eignir	áætlað verðm.	áhvílandi
m/b Sunnutindur	8-9.000.000.-	3.000.000.-
hraðfrystihús	bókfært verð 2.200.000.-	500.000.-
síldarverksmiðja	bókfært verð 12.000.000.-	8.000.000.-

Þá á fyrirtækið hlut í söltunarstöðinni Arnarey h.f., sem hefur gengið vel.

frh.

BENEDIKT SVEINSSON

HÉRAÐSDÓMSLÖGMÁÐUR

Austurstræti 17 . Sími 10223

Pósthólf 969

REYKJAVÍK

- 2 -

Húseign Garðars Eðvaldssonar, Garður á Djúpavogi, er að brunabótamatsverði kr. 1.056.000.- á húsinu hvíla ca. kr. 60-70 þúsund. Þó að það sé venja bankanna að halda sig innan við 70% brunabótamatsverðs í veðsetningum tel ég enga goðgá eins og á stendur í þessu tilfalli að taka veð fyrir kr. 1.000.000.- í húsinu.

Um verðmæti lóðanna á Seyðisfirði er erfitt að segja. Lóðir þessar eru í næsta nágrenni við síldarverksmiðju Fjarðarsíldar h.f. Lóðir þessar geta ekki talist gott veð einar sér, en geta þó orðið verðmætar.

Það má því segja að veð þessi, sem að framan eru talin, séu ekki alveg nægilega góð til þess að Útvegsbankinn taki þau gild í stað fasteignaveðanna, sem bankinn hefur hjá Jóni Gíslasyni í Hafnarfirði. En Garðar getur boðið bankanum veð í skipinu (Fróðakletti) til viðbótar þessum veðum og tel ég að bankinn væri fulltryggður með þeim veðum. Á skipinu hvíla ca. kr. 7.300.000.-. Skipið er selt fyrir kr. 12.200.000.-. Það væri að mínu viti vel verjandi fyrir bankann að taka t.d. tveggja milljóna viðbótarveð til enn frekari tryggingar í skipinu sjálfu, þannig að á skipinu hvíldi um 9.300.000.-.

Á máli þessu er einnig önnur hlið, og snýr hún að seljanda skipsins Jóni Gíslasyni s.f. í Hafnarfirði.

Það fyrirtæki hefur um langt skeið verið ein helzta máttarstoð í atvinnulífi Hafnarfjarðar.

Fyrirtækið á við mjög alvarlega fjárhagsörðugleika að etja, eignir þess flestar, bæði frystihús og bátar undir hamrinum. Tel ég það eingöngu að þakka velvilja kröfuhafa, lögfræðinga og bæjarfógeta að fyrirtækið er ekki orðið gjaldþrota. Fyrirtækið á feikna eignir, en vantar reiðufé, og af því stafa vandræðin.

Um forstöðumann fyrirtækisins Jón Jónsson er bezt að hafa sem fæst orð, en tveir synir Bjarna Snæbjörnssonar, Bjarni endurskoðandi og Snæbjörn eru að reyna að bjarga fyrirtækinu. Eina ráðið er að selja eignir, og þá helst þær eignir sem seljanlegastar eru. Mér tókst að selja fyrir þá m/s Fagraklett nú um jólin fyrir kr. 3.000.000.- en hefur enn ekki tekizt að selja m/s Fróðaklett og m/s Búðaklett, sem þeir vilja einnig selja. Söluverð þessara skipa mundi nema sem næst kr. 25.000.000.-, og telja þeir Bjarnasynir það einu lífsvon fyrirtækisins að skipin seljist. Fyrirtækið átti þá eftir einn góðan bát og 2-3 lélega, auk frystihússins og fiskverkunarstöðva og verðmætra fasteigna.

frh.

BENEDIKT SVEINSSON

HÉRAÐSDÓMSLÖGMANÐUR

Austurstræti 17 . Sími 10223
Pósthólf 969

REYKJAVÍK

- 3 -

M/s Fróðaklettur er smíðaður úr stáli í Noregi 1964, og er 251 tonn að stærð. Hann hefur legið í höfn síðan fyrri part árs 1967 vegna fjárhagserfiðleika útgerðarinnar. Þetta er ágætt skip, Systurskip Fróðakletts, Búðaklettur er einnig til sölu. Hann hefur verið í notkun.

Ég lít svo á að áhætta sú, sem Útvegsbankinn tæki með samþykki á sölu til Garðars Eðvaldssonar, sé hverfandi lítil miðuð við þau vandræði og hreinlega áfall fyrir Hafnarfjörð og útgerðina yfirleitt ef Jón Gíslason s.f. verður gjaldþrota. Um pólitísk áhrif af hruni Jóns Gíslasonar s.f. kannt þú betur að dæma en ég.

Með kveðju

Benedikt Sveinsson

Benedikt Sveinsson hdl.

FISKMATSSTJÓRI

SKRIFSTOFA
HAMARSHÚSINU
REYKJAVÍK

Símnefni: FISKMAT, Reykjavík

Símar: 16858 - 13898

Reykjavík, 6. marz, 1968.

BÁB/hj

Til hæstvirts forsætisráðherra,
Bjarna Benediktssonar,
Reykjavík.

Góði vinur.

Eftir því er ég hefi tíma og tækifæri til, kynni ég mér gjarnan frumvörp um sjávarútvegsmál er á hverjum tíma liggja fyrir í hæstv. Alþingi, eða hefi gert það að meira og minna leyti síðustu tvo áratugi.

Þegar ég las yfir "frumvarp til laga um Fiskimálaráð", sem nú liggur fyrir Alþingi, flutt af háttv. þingmönnum Matthíasi Bjarnasyni, Pétri Sigurðssyni, Birgi Finnssyni, Benedikt Gröndal og Sverri Júlíussyni, varð ég algerlega agndofa.

I

Hér er um að ræða ráð er samanstendur af átján aðilum, sem komi saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Samkv. 6. gr. frumvarpsins skal ráðið gefa Ríkisstjórn og Alþingi skýrslur um störf sín.

Það er aldeilis ekki ónýtt fyrir hæstvirta Ríkisstjórn eða háttvirt Alþingi, að fá "skýrslu" jafn ósamstæðra aðila eftir vætanlega rifrildisfundi haldna tvisvar á ári.

Annars sýnist mér að skýrslugerð þessara aðila til Ríkisstjórnar og Alþingis sé óþörf, því ekki verður betur séð samkv. frumvarpi þessu ef að lögum verður, að "ráðið" sé þá búið að taka að sér flest verkefni Ríkisstjórnar og Alþingis.

Frumvarp þetta minnir óþægilega mikið á annað "ráð" sem stofnað var til með hádegisverði á Hótel Sögu fyrir u.þ.b. þrem árum síðan þ.e. "Stéttafélag Fiskiðnaðarins".

Formaður þess var kosinn hr. Gunnar Guðjónsson og svo náttúrlega stjórn ásamt öllu tilheyrandi í þeim efnum.

Ég held að ég hafi rétt fyrir mér í því, að þessi stofnfundur á Hótel Sögu sé eini fundur "stéttafélags Fiskiðnaðarins", hefir haldið hingað til, en þar er þó um ólíkt samstæðari aðila að ræða en umrætt frumvarp gerir ráð fyrir.

II

MARKAÐSMÁL.

Ég fæ ekki séð, að nokkrir af þessum 18 upptöldu aðilum ráðsins, aðrir en Sölusamtök framleiðenda, hafi nokkuð til brunns að bera í markaðsmálum, og breytir frumvarpið því engu til batnaðar frá núverandi ástandi í þeim efnum.

Telji hæstvirt Ríkisstjórn ekki nóg aðgert í sölumálum eiga slík mál þá að vera mótuð af henni, þ.e. hinu opinbera.

III

SKIPULAG HRÁEFNISÖFLUNAR OG FRAMLEIÐSLU.

Það kann að vera að hér megi um bæta, en væri þá réttara að skipa fámenna nefnd alþingismanna eða annarra opinberra sérfróðra aðila, sem síðar kynntu sér viðhorf þessarra ósamstæðu 18 aðila er frumvarpið gerir ráð fyrir.

IV

SPARNAÐUR Í OPINBERUM REKSTRI

"Kostnaður greiðist úr Fiskimálasjóði".


Samkv. frumvarpinu myndi rísa upp skrifstofubákn með ótal "sérfræðingum", sem vinda myndi upp á sig kostnaði á fáum árum. Þetta er sígild reynsla um slík "ráð".

Að síðustu þetta: Ég ann hr. alþingismanni Matthíasi Bjarnasyni vel þessa frumvarps, hinum flytjendum frumvarpsins vorkenni ég innilega.

Samkv. framanrituðu vona ég að óskapnaður þessi verði aldrei að lögum.

Með sérstakri virðingu

og vinsemd.



Nd. 75. Frumvarp til laga

um Fiskimálaráð.

Flm.: Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson, Birgir Finnsson, Benedikt Gröndal, Sverrir Júlíusson.

1. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar Fiskimálaráð samkvæmt því, sem segir í 7. gr. laga þessara.

2. gr.

Fiskimálaráð skal vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og markaðsmálum, og skal það beita sér fyrir góðri samvinnu allra aðila, sem hlut eiga að máli, með gagnasöfnun, umræðufundum, skýrslugerð, útgáfu- og fræðslustarfsemi og öðrum ráðum, sem líklegust eru talin til þess hverju sinni, að tilganginum með stofnun ráðsins verði náð.

3. gr.

Ályktanir sínar um uppbyggingu fiskiskipastólsins skal fiskimálaráð við það miða, að jafnan sé sem mest fjölbreytni í útgerðinni og eðlilegt jafnvægi milli einstakra greina hennar. Miða skal tillögur ráðsins við það, að hráefnisöflun til fiskiðnaðarins sé tryggð eftir föngum með tilliti til arðsemi fiskistofna á hverjum tíma.

4. gr.

Ályktanir sínar um uppbyggingu fiskvinnslu- og fiskiðnaðarfyrirtækja skal ráðið semja þannig, að tillit sé tekið til æskilegrar dreifingar fyrirtækjanna og við það miðað, að afkastageta þeirra sé hæfileg með hliðsjón af mögulegri öflun hráefnis.

Enn fremur skal miða að því, að sem mest fjölbreytni verði í vinnslu sjávarafla.

5. gr.

Fiskimálaráð skal hafa forgöngu um markaðsrannsóknir og skipulegar aðgerðir til öflunar nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og um framleiðslu nýrra vörutegunda.

6. gr.

Fiskimálaráð skal árlega gefa ríkisstjórn og Alþingi skýrslu um störf sín.

7. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra á sæti í Fiskimálaráði og er jafnframt formaður þess. Eftirtaldir aðilar skulu eiga rétt til að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara í Fiskimálaráð, til 3 ára í senn:

Landssamband ísl. útvegsmanna.

Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Sjómannasamband Íslands.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.

Alpýðusamband Íslands.

Félag fiskiðnfræðinga.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga.

Sölusamband ísl. fiskframleiðenda.

Sildarútvegsnefnd.

Félag isl. fiskmjölsframleiðenda.
Félag isl. niðursuðuverksmiðja.
Samlag skreiðarframleiðenda.
Seðlabanki Íslands.
Fiskveiðasjóður Íslands.
Fiskimálasjóður.
Efnahagsstofnunin.
Fiskifélag Íslands.

Noti einhver ofangreindra aðila sér ekki rétt sinn til tilnefningar, skal ráðherra heimilt að skipa í hið auða sæti.

Fiskimálaráð skal koma saman til fundar, þegar formaður ákveður, en þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Störf í Fiskimálaráði eru ólaunuð.

8. gr.

Fiskimálaráð kys þriggja manna framkvæmdanefnd, sem undirbýr fundi ráðsins og annast þau störf, sem Fiskimálaráð felur henni.

9. gr.

Kostnaður af störfum Fiskimálaráðs, þar með talin þóknun til framkvæmdanefndar, sem ráðherra ákveður, greiðist úr Fiskimálasjóði.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Fiskimálaráðs.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um Fiskimálaráð var flutt á síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt. Nú er frumvarpið flutt öðru sinni með nokkrum smávægilegum breytingum frá fyrra frumvarpi. Eftirfarandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

„Með frumvarpi þessu er lagt til, að stofnað verði Fiskimálaráð, sem skal í samvinnu við alla þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, móta heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og í markaðsmálum. Lagt er til, að í þessu ráði eigi sæti fulltrúar útgerðar, helstu greina fiskiðnaðar, sjómanna, verkamanna, lánastofnana sjávarútvegsins, helstu stofnana, sem fjalla um efnahagsmál og sérmál útvegsins.

Sjávarútvegurinn er langstærsti atvinnuvegur okkar Íslendinga, sem framleiðir yfir 90% af heildarútflutningsverðmæti þjóðarinnar. Eins og að líkum lætur, þarf mikið fjármagn til að viðhalda þessum atvinnuvegi, tryggja eðlilega þróun og tækninýjungar í smíði og gerð fiskiskipa jafnhliða uppbyggingu fiskiðnaðarins, vinna skipulega að markaðsrannsóknum, öflun nýrra markaða fyrir sjávarafurðir og framleiðslu nýrra vörutegunda. Það er því brýn nauðsyn að gæta þess, að fjármagnið, sem til þessara hluta er varið, komi að sem beztum notum og að eðlilegt jafnvægi sé á milli hinna mismunandi greina í útgerð og vinnslu úr sjávarafllu og markvisst stefnt að því, að sem mest fjölbreytni verði í vinnslu sjávarafllu.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að eðlilegt sé að fara inn á þá braut, að samtök þeirra, sem vinna að fiskveiðum og fiskiðnaði, og þeirra, sem framleiðslutækin eiga, marki heildarstefnuna í uppbyggingu sjávarútvegsins og í markaðsmálum í samvinnu við fulltrúa lánastofnana sjávarútvegsins og þeirra aðalstofnana, sem með efnahagsmálin fara, og hafi um það samvinnu við ríkisstjórnina. Með því að hafa þennan hátt á, er tryggt, að allir aðilar, sem þessi mál varða mest, skýri sin sérsjónarmið og taki sameiginlega ákvörðun um, hvað réttast og eðlilegast sé, að gert verði á hverjum tíma í þessum málum. Fram til þessa hefur engin slík stofnun verið til, enda hefur oft á liðnum árum og áratugum ekki verið gætt sem skyldi að skapa eðlilegt jafnvægi á milli greina fiskveiðanna og fiskiðnaðarins á þann veg, að ein eða fleiri greinar hafa á ákveðnu árabili

vaxið mjög hratt, en samdráttar hefur gætt í öðrum, og á þann hátt hefur þessi mikilvirki atvinnuvegur okkar orðið of einhæfur.

Til þess að koma í veg fyrir, að sjávarútvegurinn verði of einhæfur, verður að leitast við eftir föngum að styðja eðlilega starfrækslu í sem flestum greinum fiskveiðanna og auka hagnýtingu þess afla, sem á land kemur, með það fyrir augum að vinna úr honum á þann hátt, að útflutningsverðmæti verði sem allra mest. Jafnhliða þarf að gera allt til þess að auka fjölbreytni fiskveiðanna og fara inn á fleiri greinar fiskiðnaðar. Með því er dregið úr þeirri miklu áhættu, sem nú er, þegar einhver ákveðin grein bregzt. Þá er ekki síður mikilvægt að auka markaðsrannsóknið fyrir íslenskar fiskafurðir, leita nýrra markaða og fjölga viðskiptaþjóðum.

Hér á eftir mun verða leitast við að skýra í stórum dráttum, hvernig þessum málum er nú háttað.

Fiskiskipastóllinn.

Það er rétt að gera sér grein fyrir, hvaða breytingum fiskiskipastóllinn hefur tekið á rúmlega tveimur áratugum:

Árið	Tala skipa undir 100 rúml. m/þilfari	Samt. br. rúml.	Tala skipa yfir 100 rúml.	Samt. br. rúml.	Tala botnvörpuskipa	Samt. br. rúml.
1944	560	11725	32	5562	29	9652
1954	523	16732	54	8269	51	31621
1958	614	21213	49	7561	44	29024
1964	648	21670	159	26967	39	27395
1967	577	19014	184	35559	32	22876

Eins og sjá má af framangreindu yfirliti, hefur orðið mjög mikil fjölgun á skipum yfir 100 rúml., og hefur þeim á 23 árum fjölgað um 152 og rúmlestatala þeirra aukizt um 30 þús. rúml., og eru nú í byggingu 34 skip og er meðalstærð þeirra um 318 rúml. Öll stærri skipin, sem byggð hafa verið, eru fyrst og fremst ætluð til sildveiða, en á tímabilinu febrúar til apríl eru þau flest við bolfiskveiðar og loðnuveiðar. Botnvörpuskipaflotinn var endurnýjaður skömmu eftir lok síðustu heimsstyrjaldar, og á árunum 1951 til 1952 bættust við þann flota 10 skip, en síðar hafa aðeins bætt við 5 skip. Nú eru skráð 32 botnvörpuskip, en aðeins rúml. 20 þeirra eru gerð út. Botnvörpuskipaútgerðin hefur stórkostlega dregizt saman, og horfir óvænlega fyrir þeirri útgerð, en hún var um langt árabil ein sterkasta stoð íslenskrar útgerðar.

Bátum undir 100 rúml. hefur fækkað verulega síðustu árin. Það má segja, að bolfisköflunin byggist að verulegu leyti á hinum minni skipum, eða á skipum, sem eru undir 120 rúml. Þessi skip stunda bolfiskveiðarnar mestan hluta ársins og eru hornsteinar fiskiðnaðarins að frátöldum sildariðnaðinum.

Á árunum 1963 til 1966 hafa 87 bátar, samtals 4713 rúmlestir, af stærðinni 20—120 rúml. verið strikaðir út af skipaskrá. Á sama árabili hafa verið skráð 37 ný fiskiskip undir 120 rúml., samtals 1635 rúml. Þar af voru á s. l. ári aðeins 2 skip samt. 109 rúml. Þessi þróun í fiskiskipabyggingum er orðin mikið áhyggjuefni og verður að breytast hið bráðasta, ef ekki á að fara illa fyrir bolfiskiðnaðinum, sem stendur og fellur með því að fá hráefni sem jafnast árið um kring og er um leið aðalatvinnuvegur fjölmargra byggðarlaga, sem njóta ekki sildariðnaðarins nema þá að mjög takmörkuðu leyti.

Fiskiðnaðurinn.

Heildarútflutningur sjávarafurða á síðustu þremur árum hefur verið sem hér segir:

Árið 1964	4384 millj. kr.
— 1965	5256 —
— 1966	5595 —

Aðalvörutegundirnar á þessum sama tíma og útflutningsverðmæti þeirra hafa verið sem hér segir:

	1964 m.kr.	1965 m.kr.	1966 m.kr.
Sildar- og loðnumjöl	594.8	943.3	1117.6
Sildarlýsi	417.6	677.6	882.1
Saltsild	501.4	488.3	581.8
Fiskimjöl	179.6	157.6	146.0
Hraðfrystur fiskur	1149.3	1244.7	1207.5
Skreið	337.4	375.9	309.9
Saltfiskur	436.0	545.1	546.8
Rækja og humar	109.9	129.8	179.6
Niðursuðuvörur	20.0	32.6	45.1

Á landinu eru 46 sildarverksmiðjur, og er afkastageta þeirra 18350 tonn á sólarhring. Í þessari tölu eru allar verksmiðjur, sem hafa möguleika til að vinna feitan fisk, þó að raunar sumar þeirra séu að mestu starfræktar sem venjulegar fiskimjölverksmiðjur.

Sildarverksmiðjurnar skiptast þannig eftir landshlutum:

Suður- og Vesturland	17	afkastageta	5995	tonn/sólarhr.
Norðurland að Langanesi	15	—	6725	—
Austurland	14	—	5630	—

Fiskimjölverksmiðjur eru 16 auk þeirra, sem taldar eru með sildarverksmiðjum. Sildarsöltunarstöðvar eru 103 á landinu, sem starfræktar eru að meira eða minna leyti.

Hraðfrystihús í fiskiðnaði eru 93, og er frystiafkastageta þeirra um 1600 tonn á 10 klst., og hafa þau geymslurými fyrir um 73000 tonn.

Nýting á afkastagetu hraðfrystihúsanna var á árinu 1960 ca. 17%, 1964 ca. 17.3% og 1965 ca. 19%.

Svo að segja öll hraðfrystihús vinna saltfisk og skreið. Af þeim eru 21 hús, sem eru sérstaklega búin vélum til vinnslu á saltfiski. Auk hraðfrystihúsanna eru um 40 aðrar söltunarstöðvar, og eru 18 þeirra búnar vélum til vinnslunnar.

Niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjur eru 16 á landinu.

Markaðsrannsóknir.

Með markaðskönnun er átt við það að rannsaka, hver markaður geti verið fyrir ákveðnar vörutegundir á hverjum stað, svo og það, í hvaða mynd þær þurfi að vera, hvað vinnslu og umbúðir snertir, til þess að hægt sé að ná árangri. Slík könnun er nauðsynleg forsenda, áður en hafin er markaðsuppbygging.

Með markaðsuppbyggingu er átt við það, að vörurnar, unnar á þann hátt, sem markaðsrannsóknin gaf til kynna, séu boðnar til sölu og kynntar og séu alltaf til á markaðnum.

Sem dæmi um þetta má nefna, að fiskimálanefnd vann á sínum tíma skipulega að markaðsuppbyggingu fyrir frystan fisk, og enn þá betra dæmi er uppbygging markaðs fyrir frystar íslenskar sjávarafurðir í Bandaríkjunum. Sennilega er það ekki öllum kunnugt, að um margra ára bil var vitandi vits gefið með afurðum þeim, sem sendar voru á þennan markað, miðað við sölu á öðrum mörkuðum. Þessu var samt haldið áfram með þrautseigju, og um árabíl hefur þetta verið bezt markaðurinn fyrir frystar íslenskar sjávarafurðir.

Enn fremur voru byggðar upp í Bandaríkjunum verksmiðjur til frekari vinnslu úr frystum fiski, sem á síðustu árum hafa komið að mjög miklu liði.

Á fyrstu árunum eftir heimsstyrjöldina var einnig unnið nokkuð að markaðs-

öflun í ýmsum löndum, svo sem Frakklandi, Austurríki o. fl., en markaðir þessir virðast að mestu hafa glatazt aftur.

Á undanförunum árum hefur sala sjávarafurða yfirleitt virzt ganga greiðlega, þangað til á s. l. ári, að mikið verðfall varð á ýmsum helztu afurðum okkar. Ástæðan til þessa var einkum sú, að ýmsar aðrar þjóðir tóku upp alveg nýja veiði- og vinnslutækni, sem hefur valdið stórauðnu framboði á fiskafurðum.

Víðari og fjölbreyttari markaðir eru bezta tryggingin gegn slíku verðhruni, en við Íslendingar höfum nokkrum sinnum fengið alvarleg áföll vegna þess, að markaðir okkar og framleiðsla er of einhæf. Það er því augljós nauðsyn, að ötullega og skipulega verður að vinna að markaðsöfluninni og fjölbreytni í framleiðslu.

Vafalaust mætti vinna markaði fyrir ýmsar nýjar vörutegundir, svo sem niðursoðin þorskhrogn, kaviarlíki o. fl., svo og fyrir meira unnar vörur, svo sem tilreiddar máltíðir. Að visu veldur sú staðreynd, að við stöndum fyrir utan markaðsbandalögin, miklum erfiðleikum, á meðan ekki er bót á ráðin, en það er annað vandamál.

Sem dæmi um það, til hvers sé að vinna, má benda á, að 1963 var neyzla á niðursoðnum sjávarafurðum í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum 955 300 tonn. Hluttur okkar í þessu var ekki nema nokkur hundruð tonn. Engar núverandi stofnanir eða samtök hafa möguleika á að hafa forgöngu um mál þessi í heild, svo að við álitum fullkomlega tímabært að koma á fót stofnun, sem gæti beitt sér fyrir verkefnum þessum. Þess ber þó að geta, að fiskimálasjóður hefur styrkt verulega markaðskönnun og auglýsingakostnað fyrir íslenskar sjávarafurðir erlendis.

Ein aðferð, sem aðrar þjóðir nota mikið, er að vinna að markaðsrannsóknum fyrir milligöngu sendiráða sinna, m. a. með skipun verzlunarfulltrúa við þau. Þessi aðferð væri m. a. vel athugandi fyrir okkur. En síðan þyrfti að vera fyrir hendi hér heima stofnun, er skipulegði þessa viðleitni og ynni úr upplýsingum þeim, er aflað væri.

Ein grundvallarforsenda fyrir því, að Fiskimálaráð geti rækt það hlutverk sitt að gera tillögur um og stuðla að skynsamlegri og skipulagðri dreifingu fjármagns í íslenskum sjávarútvegi, er nákvæm þekking á mörkuðum sjávarafurða og hverra breytinga þar megi vænta, en oft hefur á skort, að íslenskum sjávarútvegi hafi gefizt nægilegur tími til aðlögunar við breyttar aðstæður.

FISKMATSSTJÓRI

Til hæstvirts forsætisráðherra
Bjarna Benediktssonar
Reykjavík

21. febrúar,
1968

Kæru Sigríður og Bjarni,

Eg þakka innilega fyrir
komuna hjá okkur á sunnu-
dag - öll saman - Tor var
mjög glaður yfir því -
það var svo gaman fyrir
hann, og fyrir mig líka,
að sjá ykkur aftur.
Við tölum oft saman um
Reykjavík og um ykkur,
og Tor segir oft að hann
er með heimþrá til Íslands.
Það var góður tími
sem við vorum hjá
ykkur í Reykjavík - ég
mun oft minnast.

2/ Eg vil biðja ykkur um eitt:
gerið svo vel að segja ekki
að það sé krabbamein hjá
Tór - því það er ekki viss-
og Tór veit sjálfur ekki -
Læknir mínir hafa sagt honum
að þeir vita ekki hvað það
er. Eg er hrædd um að
einhver geti skrifað til hans
um krabbamein -

Læknir mínir segir líka til
mín að þetta er eitthvað
sem þeir skilja ekki - geta
ekki "klassifisere" -

"det opptrer på en annen
måte enn vanlig kreft" -
það getur verið einhver tegund
sem er óþekkt - eða einhver
tegund af lungnabólgu - en
þessi líkast -

3/ Það er ekki hægt að skera
upp eða nota radium, því
það hefur dreift sig af mikni
í báðum lungnum - það
eina ^{sem} þeir geta gert er að
reyna að stöðva það
með nýtt meðal sem þeir
vona geti dugað.

Hingað til lítur það út til
að þetta hafi tekið - það
hefur ekki orfið verra
en heldur ekki ~~betta~~
betur.

Að minnsta kosti er það
vofalegt, hvað sem er -
Ég get ekki verið mjög
bjart sýnn - þó að ég voni
allan tímann að eitthvað
kraftaverk skeði -

4

Svo segið þið bara að
þeir þekki ekki þessa
veikindi -

Skilið þið kvæður
til allra sem þið hittið -
og eftir það lýris
sífast.

karar kvæður

frá Nanný